

EFTIRLITSSKÝRSLA

Oliudreifing ehf. Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	6.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Oliudreifing ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10, 101 - R	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606962069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurmundur A Guðmundsson	Staðsetning	381456,135 435175,315

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið fannst ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein ábending var gerð við upplýsingagjöf er varðar katóðukerfi í stöðinni.

UMFANG EFTIRLITS

1. Staða á mælingum sem skila skal til Umhverfisstofnunar
2. Skráningar, áætlanir og viðhald
3. Katóðuvarnir á neðanjarðarbúnaði
4. Annað – umhverfisstjórnunarkerfi og umhverfismarkmið o.fl.
5. Skoðun

Sest var yfir kröfur í starfsleyfi. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Búið er að botnþykktarmæla alla olúgeyma á síðustu tveimur árum, bæði í Litlasands- og Miðsandsstöð. Alls 15 geyma. Skipt var um botn í geymi T0127 (#12) þar sem tæringarpyttir voru komnir niður fyrir 3 mm. Allar olíulagnir voru þrýstiprófaðar í september á síðasta ári.

Olíuskiljur hafa verið þjónustaðar. Í Litlasandsstöðinni hefur olía aldrei runnið í þróna og því ekki heldur í olíuskiljurnar þrjár sem þjónusta stöðina.

Í Miðsandsstöðinni er gegnumstreymi grunnvatns í gegnum stöðina enda allmikill vatnsagi undan hlíðinni og olúgeymar eru niðurgrafnir inn í hana. Olíuskynjarar í frárennsli stöðvarinnar loka fyrir streymi út í stöðinni ef olía skynjast í frárennslinu og safnast þá frárennslið upp í tilbúinni þró sem rúmar innihald allra geyma Miðsandsstöðvarinnar. Lykilstarfsmönnum eru einnig send sjálfvirk boð um ástand mála. Olíuskynjarar eru þjónustaðir og prófaðir með reglulegu millibili.

Þjónustuaðili gufuendurnýtingarbúnaðar (Luveba s.r.) var í stöðinni 4. og 5. september á síðasta ári og yfirfor búnaðinn. Stöðin var tæmd í júlí á síðasta ári og því mældi hann ekki losun rokkgarnra gufa í það skiptið, en símælingabúnaður sem er í stöðinni verður kvarðaður næst þegar búnaðurinn er þjónustaður og eldsneyti er í stöðinni. Tölvuskráningar sýna að meðalstyrkur gufu í útblæstri frá gufuendurnýtingarbúnaði er innan marka í reglugerð nr. 252/1999 (35 g / Nm³ / klst.).

Rekstrarhandbók (mánaðarblöð) voru skoðuð og eins skýrslur vottunaraðila og úr innra eftirliti. Fjareftirlit er með stöðinni og vaktmaður kemur daglega og skoðar geyma, lagnir og annan búnað í stöðinni. Nettengdar myndavélar með hreyfiskynjurum fylgast með mannaferðum. Hæðarmælar í olúgeymum gegna hlutverki birgðaeftirlits. Næsta skoðun á stöðinni vegna endurnýjunar á vottun umhverfisstjórnunarkerfis skal fara fram í október 2019.

Hönnun geyma og lagna sem eru neðanjarðar byggir á katóðutæringarvörn. Því er mikilvægt að katóðukerfinu sé vel viðhaldið. Ljúka þarf endurnýjun katóðukerfisins. Upplýsa skal Umhverfisstofnun um það þegar endurnýjun katóðuvarna í Miðsandsstöð og á bryggju verður að fullu lokið.

Oliudreifing hefur gert áhættumat fyrir starfssemi sína og áætlað þar líkur á óhöppum og einnig hversu alvarlegar afleiðingar óhappa yrðu. Fram kemur að í flestum tilfellum eru líkur á óhöppum í olíubirgðastöðvum ekki mjög miklar en ef af yrði gætu afleiðingarnar orðið alvarlegar. Líklegast atburðir eru yfirfyllingar og mistök við tengingar lagna.

Viðbragðsáætlun Oliudreifingar fyrir stöðina liggur fyrir og unnin hefur verið aðgerðaráætlun fyrir stöðina. Upplýsa þarf og æfa með Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar um viðbrögð í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Átaksverkefni Umhverfisstofnunar snýr að gerð umhverfismarkmiða. Gefinn hefur verið út bæklingur í því skyni þar sem kostir mælanlegra markmiða eru útskýrðir. Bæklingurinn var afhentur í eftirliti. Eins var farið yfir breytingar sem ný reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi gerir til olíubirgðastöðva. Reglugerðin er nr. 884/2017.

ATHUGASEMDIR


Tæringarvarnir neðanjarðarkerfis geyma og lagna í Miðsandsstöð byggir á katóðuvörn. Við prófanir var stærstur hluti kerfisins virkur en ljúka þarf endurnýjun kerfisins.

Upplýsa skal Umhverfisstofnun um það þegar endurnýjun katóðuvarna í Miðsandsstöð og á bryggju verður að fullu lokið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.08.2018



Gottskálk Friðgeirsson